



Sveitarfélagið Árborg - Byggðakvóti fiskveiðíársins 2014-2015

Rósa Sif Jónsdóttir til: hinrik.greipsson@anr.is
Cc: Ásta Stefánsdóttir

30.10.2014 11:34

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 30. október var tekin fyrir tilkynning atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta fiskveiðíársins 2014-2015.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Ákvæði reglugerðar nr. 652/2014 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014.
- b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

- c) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið 1,5 földu magni, þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Rökstuðningur:

Ekki er hafnaraðstaða til löndunar afla á Eyrarbakka. Nauðsynlegt er því að veitt verði undanþága frá þeiri skyldu að afla sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðarlagi. Verði slík undanþága veitt verður fiskiskipum, sem fá byggðakvóta úthlutað, unnt að landa afla í öðrum höfnum. Megináhersla laga nr. 116/2006 um stjórni fiskveiða og reglugerðar nr. 651/2014 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa er að styrkja atvinnusköpun innan byggðarlaga sem uppfylla tiltekin skilyrði með úthlutun byggðakvóta.

F sveitarfélagini eru reknar fiskvinnslur, tvær á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka. Fiskvinnslurnar eru allar litlar og sérhæfðar og því nauðsynlegt að heimilað verði að vinna aflann innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að byggðakvótinn falli niður.

Bæjarráð óskar eftir að reglunum verði breytt á þann veg að ekki þurfi að skila tvöföldu magni til vinnslu, heldur verði miðað við stuðulinn 1,5. Ástæðan er sú að fiskvinnslurnar í Árborg eru sérhæfðar og litlar og vinna einkum ýsu. Erfitt er að fá

ýsukvóta og því sýnt að útgerðirnar myndu lenda í vanda með að skila tvöföldu aflamarki til vinnslu.

Framangreint tilkynnist hér með.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á þessum tölvupósti.

*Með kveðju,
Rósa Sif Jónsdóttir
ritari
rosa@arborg.is
sími 480 1900 fax 480 1901*

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.